



Félag kajakraðara á Austurlandi

Atburður:	Stjórnarfundur
Staðsetning:	Blómsturvellir
Dagsetning:	21.10.2007
Tími:	15:30

Fundurinn haldinn í framhaldi af vinnudegi í fjörunni. Ágætis mæting þar sem unnið var við að koma vestari hluta bátageymslunnar í viðunandi horf.

1. Nýr siglingaklúbbur.

Pétur kynnti hugmyndir prestsins í Neskaupstað um stofnun siglingaklúbbs fyrir litla seglbáta. Pétur segir prestinn hafa komið að máli við sig og óskar hann eftir einhverskonar samstarfi við Kaj vegna þessa.

Afgreiðsla.

Péttri falið að ræða við prestinn um hugmyndir hans og hvernig Kaj gæti aðstoðað.

2. Styrkir.

Ari fór yfir þær styrkbeiðnir sem klúbburinn hefur sent frá sér og eru þær eftirfarandi:

- Óskað eftir 700.000 kr. úr styrktarsjóði Síldarvinnslunnar vegna fyrirhugaðra framkvæmda í fjörunni. Staða: Óafgreitt.
- Óskað eftir 300.000 kr frá Hafnarsjóði Fjarðabyggðar v/ bryggjusmíði. Staða: styrkur fenginn.
- Óskað eftir 50.000 kr frá ÚÍA v/ tækjakaupa. Staða. Afgreitt jákvætt en styrkur ekki kominn til útborgunar.

Afgreiðsla.

Ákveðið að Ari sendi bænum bréf og óski eftir því að aðgengi og umhverfi fjörunnar verði bætt t.d. með göngustígagerð o.fl.

3. Sundlaugaræfingar og félagsróðrar.

Rætt um fyrirkomulag og tímasetningar sundlaugaræfinga og félagsróðra í vetur.

Afgreiðsla.

Ákveðið að félagsróður verði vikulega á sunnudögum kl. 14:00 og sundlaugaræfingar annan hvern sunnudag kl. 18:00. Fyrsta sundlaugaræfingin mun verða sunnudaginn 4. nóvember.

Einnig var ákveðið að einhver ábyrgðaraðili beri ábyrgð á hverjum viðburði og verði auglýst á heimasíðu klúbbsins með viku fyrirvara hver beri ábyrgð á næsta viðburði. Ákveðið í þessu sambandi að setja upp viðburðardagatal á heimasíðuna.

Ákveðið að ræða við forstöðumann sundlaugarinnar í Neskaupstað um að fá pláss til að geyma báta í- eða við sundlaugarbygginguna og var Ara falið að



Félag kajakraðara á Austurlandi

gera það.

Einnig var Óskari falið að ræða við forstöðumann sundlaugarinnar á Eskifirði og Fáskrúðsfirði um notkun á þeirra aðstöðu.

4. Aðalfundur.

Samkvæmt lögum félagins á að halda aðalfund í apríl ár hvert. Ekki hefur gefist tími til þess enn.

Afgreiðsla.

Ákveðið að halda haustfagnað Kaj þann 17. nóvember næstkomandi og aðalfund í framhaldinu þann sama dag.

Fundi lokið kl. 17:00

Fundinn sátu:

Ari Magnús Benediktsson, formaður
Óskar Þór Guðmundsson, ritari

Pjetur St Arason, varaformaður
Pálmi Benediktsson, varamaður

Gestur á fundinum var nýr félagi í Kaj, Þorsteinn Sigurlaugsson (Steini úr Stykkishólmi). Við bjóðum hann velkominn á Austurlandið og í klúbbinn.